

Sp. 260. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]
um stórvirkjunar- og stóriðjumál.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Gísli Guðmundsson, Helgi Bergs,
Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að kynna sér niðurstöður þeirra rannsókna á stórvirkjunarmöguleikum hér á landi, er fram hafa farið á vegum raforkumálastjórnarinnar, svo og athugana stóriðjunefndar á möguleikum til stóriðju. Nefndin velur sér formann.

Hlutaðeigandi ríkisstofnunar og ríkisstarfsmönnum ber að veita nefndinni allar umbeðnar upplýsingar og aðstoð í starfi hennar. Nefndinni er og heimilt að ráða sérfróða menn sér til aðstoðar.

Nefndinni ber að leggja fram álit sitt og tillögur í stórvirkjunar- og stóriðju-málum svo fljótt sem unnt er. Kostnaður við störfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hinn 5. febr. s. l. svaraði iðnaðarmálaráðherra fyrirspurn á Alþingi varðandi undirbúningsathuganir á möguleikum til stórvirkjana og stóriðju á Íslandi.

Flm. þessarar tillögu eru þeirrar skoðunar, að stórvirkjunar- og stóriðjumálin séu nú, eftir skýrslu iðnaðarmálaráðherra, komin á það stig, að skylt sé og óhjákvæmilegt, að um þau verði fjallað á Alþingi á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessari þáttl., og að ríkisstjórnin eða starfsmenn hennar eigi ekki héðan af að hafast neitt að, sem miklu skiptir, í þeim málum, fyrr en Alþingi hefur átt þess kost að kynnast þeim nánar og marka þar stefnu, þegar nefnd sú hefur lokið störfum, sem kjósa skal samkvæmt tillögunni.

Það er með öllu óeðlilegt, að ríkisstjórnin ákveði virkjunarstað eða staði fyrir stórvirkjun, stofni til ákveðinnar tegundar af stóriðju og ákveði staðsetningu hennar eða haldi nú áfram viðræðum við erlend stóriðjufyrirtæki og fjármála-stofnanir um stóriðjurekstur hér á landi, án þess að Alþingi hafi þar hönd í bagga. Hins vegar er eðlilegt, að nefnd sú, sem þingið kys samkvæmt tillögunni, ef samþykkt verður, hraði störfum svo sem unnt er. Gert er ráð fyrir, að stofnanir og starfsmenn ríkisins á því sviði, sem hér er um að ræða, láti nefndinni í té upplýsingar og aðstoð. Jafnframt ber til þess nauðsyn, að nefndin geti orðið sem sjálfstæðust í starfi sínu og tillögugerð, og er því einnig gert ráð fyrir, að hún geti sjálf aflað sér aðstoðar hjá sérfræðingum, sem eru óháðir þeim niðurstöðum, sem fyrir liggja, og bráðabirgðaákvörðunum, sem teknar hafa verið.

Hinn 22. marz 1961 samþykkti Alþingi þingsályktun um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvörum og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi.“

Síðan þessi þingsályktun var afgreidd til ríkisstjórnarinnar, eru nál. 3 ár liðin. Engin skýrsla hefur verið gefin Alþingi eða þingnefndum um, að lokið sé því verki, sem skorað var á stjórnina að framkvæma.

Iðnaðarmálaráðherra gaf á hinn bóginn 5. febr. s. l. í fyrirspurnatíma á Alþingi lauslega skýrslu um „athuganir“ svonefndrar stóriðjunefndar, sem skipuð var af ríkisstjórninni án samráðs við Alþingi vorið 1961, og „raforkumálastjórnar ríkisins“, en athuganir þessar eru samkvæmt skýrslu ráðherrans sem hér segir:

„Annars vegar eru tæknilegar athuganir á möguleikum til stórvirkjunar hér á landi og kostnaði við hana og tæknileg atriði varðandi staðsetningu alúminíum-bræðslu. Hins vegar eru athuganir á því, hvort unnt verði að semja við erlend alúminíumfyrirtæki um byggingu og rekstur alúminíumbræðslu hér á landi með kjörum, sem Íslendingum væru aðgengileg.“

Að „athugunum“ þessum hafa stóriðjunefnd og raforkumálastjórnin unnið „fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og á hennar vegum“, sagði ráðherrann í skýrslu sinni. Hann sagði enn fremur:

„Þær athuganir, sem gerðar hafa verið til þessa, benda til þess, að 105 þús. kw. orkuver við Búrfell muni vera hagkvæmasta lausnin. — — — Um staðsetningu alúminíumverksmiðju er það að segja, að athuganir hafa leitt í ljós, að ódýrast og hagkvæmast sé að staðsetja hana við sunnanverðan Faxaflóa. — Hins vegar er einnig verið að athuga möguleika á því, að alúminíumbræðslan yrði staðsett við Eyjafjörð, ef háspennulína yrði lögð frá Búrfelli til Akureyrar.“

Ráðherrann kvað stofnkostnað 105 þús. kw. orkuvers við Búrfell áætlaðan rúml.

1100 millj. kr. og stofnkostnað alúminíumbraðslu einnig um 1100 millj. kr. Hann skýrði einnig frá því, að viðræður um stofnun alúminíumverksmiðju hefðu farið fram við erlend „alúminíumfyrirtæki“ og væri nú útlit fyrir, að svissneskt og amerískt fyrirtæki vildu í sameiningu reisa hér slíka verksmiðju. Þá sagði hann, að ríkisstjórninni hefði nú fyrir skömmu þótt „tímabært að taka upp viðræður við Alþjóðabankann í því skyni að kynna honum málið“ og yrðu á „næstu mánuðum — — — lögð fyrir hann öll tæknileg gögn, sem fyrir liggja, svo að hann gæti metið málið í heild.“

Ráðherrann gaf einnig upplýsingar um athuganir, sem fram hefðu farið í sambandi við möguleika til að koma upp olíuhreinsunarstöð hér á landi. Um þetta kvað hann hafa verið rætt við erlenda aðila og fengnar hjá þeim tillögur og áætlanir. Þetta mál hefði einnig verið til meðferðar í stóriðjunefnd. Hann kvað stofnkostnað áætlaðan 300—350 millj. kr. og sagði, að komið hefði til greina, að erlendir aðilar yrðu meðeigendur í fyrirtækinu.

Öll eru þessi mál nú sýnilega á því stigi, að brýna nauðsyn ber til, að Alþingi taki þau til meðferðar, og þá telja flm. eðlilegast, að það verði með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þáttill. þessari.